

Nð.

94. Frumvarp

til laga um mjólkursölu í Reykjavík.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar heimilast að setja ákvæði um alt, er lýtur að meðferð og gæðum rjóma og mjólkur, er selja á í kaupstaðnum, svo og um tölu og legu útsölastaða þeirra vörutegunda í kaupstaðnum. Enginn má standa fyrir sölu til almennings á mjólk eða rjóma í Reykjavíkurkaupstað, nema hann hafi til þess leyfi heilbrigðisnefndar, enda getur hún svipt þann leyfinu, er það hefir fengið, ef henni þykir ástæða til.

2. gr.

Bæjarstjórn setur allar nauðsynlegar reglur um eftirlit með mjólkurmeðferð og sölu mjólkur og rjóma.

3. gr.

Meðan mjólkurskortur er í Reykjavík, er bæjarstjórn heimilt að banna sölu á mjólk eða rjóma til neyslu á sölustaðnum og til neyslu á veitingahúsum eða öðrum slíkum stöðum í kaupstaðnum.

4. gr.

Enn fremur er bæjarstjórn Reykjavíkur, undir sama skilorði, sem í 3. gr. segir, heimilt að banna notkun mjólkur eða rjóma til niðursuðu eða í kökur, eða sælgæti, er gerðar eru í brauðgerðarhúsum eða í sambandi við aðra atvinnu, til sölu handa almenningi.

5. gr.

Undir sama skilorði, sem í 3. gr. segir, er bæjarstjórn Reykjavíkur og heimilt að setja reglur um úthlutun mjólkur, svo sem með mjólkurseðlum, eða á annan hátt, eftir því, sem henta þykir.

6. gr.

Rjelt er bæjarstjórn að leggja sektir við, alt að 1000 krónum, fyrir brot á ákvæðum þeim, er hún setur samkvæmt 1.—5. gr. Renna þær sektir í bæjarsjóð.

7. gr.

Mál út af brotum á ákvæðum þeim, sem bæjarstjórn setur samkvæmt 1.—5. gr., skulu sæta sömu meðferð sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Ákvæði, er bæjarstjórn setur samkvæmt 1.—5. gr. laga þessara, liggja undir samþykki stjórnarráðsins.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Ástæður þessa frumvarps eru þær, að hæpið er um heimild bæjarstjórnar til að setja sumar þær reglur, sem í frv. getur, svo sem sum ákvæði 1. og 2. gr. frv., og vist, að bæjarstjórn skortir heimild til að setja nokkrar þeirra (3.—5. gr. frv.). Mjólkurskortur er í Reykjavík nú, og eiga ákvæði 3.—5. gr. að koma í veg fyrir, að mjólk sje eytt til óþarfa, eða fari til þeirra um of, er hennar hafi síður þörf en aðrir.